

## Verksmiðjunúmer á eftirvagna

*Verksmiðjunúmer skal höggva í grind eftirvagnsins svo varanlegt sé, helst framan til á hlið vagns hægra megin*

### Íslensk framleiðsla

Verksmiðjunúmerið samanstendur af 17 tölu- og bókstöfum:

- 01-02: **IS** Til að auðkenna íslenska framleiðslu.
- 03: **9** Staðlað kennitákn fyrir tegund ökutækja sem framleidd eru í innan við 500 eintökum.
- 04-07: Fjórir bókstafir sem segja til um framleiðanda eða eru hluti af nafni framleiðslu hans.
- 08: Flokkur ökutækisins:  
**5** Tengivagn  
**6** Festivagn  
**7** Hengivagn
- 09: Tölustafur eða bókstafur valinn af framleiðanda til að gefa gerð ökutækisins (ef fleiri en ein er framleidd) til kynna.
- 10: Framleiðsluár ökutækisins:  
**L** 1990    **S** 1995    **Y** 2000    **5** 2005    **A** 2010  
**M** 1991    **T** 1996    **1** 2001    **6** 2006    **B** 2011  
**N** 1992    **U** 1997    **2** 2002    **7** 2007    **C** 2012  
**P** 1993    **W** 1998    **3** 2003    **8** 2008  
**R** 1994    **X** 1999    **4** 2004    **9** 2009
- 11-14: **XXXX** Fjögur X til uppfyllingar.
- 15-17: Raðnúmer sem byrjar á 001. Röð þessa hlaupandi númers breytist ekki þótt breyting verði á gerðinni (9. stafnum sem túlkar gerðina), né heldur þótt 10. stafurinn breytist með nýju framleiðsluári.